

**Útgefandi**Læknafélag Íslands  
Læknafélag Reykjavíkur**Ritstjórn**Engilbert Sigurðsson,  
ritstjóri og ábyrgðarmaður  
Anna Gunnarsdóttir  
Hannes Hrafnkelsson  
Magnús Gottfreðsson  
Sigurbergur Kárason  
Tómas Guðbjartsson  
Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir  
Þórunn Jónsdóttir**Tölfræðilegur ráðgjafi**

Thor Aspelund

**Ritstjórnarfulltrúi**Védís Skarphéðinsdóttir  
vedis@lis.is**Blaðamaður og****ljósmyndari**Hávar Sigurjónsson (í leyfi)  
havar@lis.is**Auglýsingastjóri og ritari**Sigdís Þóra Sigþórsdóttir  
sigdis@lis.is**Umbrot**Sævar Guðbjörnsson  
saevar@lis.is**Upplag**

1750

**Áskrift**

12.400,- m. vsk.

Lausasala

1240,- m. vsk.

**Prentun, bókband****og pökkun**

Prenttækni ehf.

Vesturvör 11

200 Kópavogi

**© Læknablaðið**

Læknablaðið áskilur sér rétt til að birta og geyma efni blaðsins á rafrænu formi, svo sem á netinu. Blað þetta má eigi afrita með neinum hætti, hvorki að hluta né í heild, án leyfis.

Fræðigreinar Læknablaðsins eru skráðar (höfundar, greinarheiti og útdráttir) í eftirtalda gagnagrunna: Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition og Scopus.

The scientific contents of the Icelandic Medical Journal are indexed and abstracted in Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition and Scopus.

ISSN: 0023-7213



Mynd frá árinu 1941, breskir hermenn að marsera í Ingólfsstræti beint á móti húsi Guðmundar Hannessonar, Hverfisgötu 12, þar sem Gunnlaugur Claessen hafði aðstöðu sína. Ofar í götunni er Vísir til húsa og Félagsprentsmiðjan, en þar var Læknablaðið prentað áratugum saman.

Ljósmyndari: Skafti Guðjónsson/Ljósmyndasafn Reykjavíkur.



Bjóstmynd af Gunnlaugi Claessen (1881-1948) sem sett var utan á hlaðinn grunn hússins á Hverfisgötu 12 að tilstuðlan dætra hans árið 1994. Tilefnið var að liðin voru 80 ár frá því Gunnlaugur setti fyrsta röntgengeislann í loftið á Íslandi.

## Nýtt tæki

Hvað er í maganum? Stöðugar tækni framfarir og aukin menntun síðastliðinna 200 ára hafa gert líf okkar að flestu leyti auðveldara og betra. Eitt skýrasta dæmið um þetta er læknisfræðin sem hefur gjörbreytt lífi fólks. Sjúkrahúsin í dag eru búin öflugum tæknibúnaði sem gerir læknum kleift að greina sjúkdóma og lækna fólk sem ekki var nokkur kostur að gera áður en þessi tæki komu til sögunnar. Sumir hafa talað með neikvæðum hætti um nýyrðið hátæknisjúkrahús og þessa dularfullu og óskilgreindu hátækni sem stundum er leidd fram sem illvígur og tilfinningalaus andstæðingur hins mannlega í umönnun sjúkra. Tæknin er þó auðvitað ekkert annað en tól í hendi kunnáttufólks sem leitar allra leiða til að verða að liði í þjónustu við sjúka.

Sjúkrahús var fyrst stofnað á Akureyri 1873 og þar er elsta samfellda saga sjúkrahúss á Íslandi. Árið 1953 var byggt nýtt sjúkrahús og var nafni þess breytt í fjórðungs-sjúkrahús en í því fólst meðal annars aukin ábyrgð og

stærri þjónustuvæði. Þessu fylgdi einnig aukið framlag ríkisins til tækjakaupa og á skömmum tíma var byggt upp hátæknisjúkrahús á Akureyri.

Á myndinni er Sigurður Ólason röntgenlæknir (1918-1996) að sýna notkun á nýju tæki sem sjúkrahúsið fékk í nóvember 1962. Tegundarheiti tækisins er ekki þekkt en þetta mun vera dæmigert röntgen- og gegnumlýsingartæki sem notað var til að leita að berklum og til að skoða innfli, maga og ristil. Tækið þótti einkar hentugt þar sem hægt var að snúa því á alla kanta með sjúklingum en bæði var hægt að skoða og taka myndir. Sigurður er hér að sýna notkunina og „sjúklingurinn“ er Árni Ólafsson kórstjóri og skrifstofumaður hjá KEA en myndina tók Gunnlaugur P. Kristinsson fræðslustjóri KEA og áhuga-ljósmyndari, en hann tók fjölmargar myndir fyrir sjúkrahúsið. Myndin er birt með leyfi Minjasafns Akureyrar.

Jón Ólafur Ísberg